

Viðauki við útgefandalýsingu dagsetta 24. júní 2020

Vegna 1.700 m.kr. stækkunar á EIK 050726

Viðauki þessi er birtur á grundvelli nýrra laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Útgefandalýsing, dags. 24. júní 2020 (hér eftir nefnd „útgefandalýsingin“) útgefin af Eik fasteignafélagi hf., kt. 590902-3730 (hér eftir nefnt „Eik“, „félagið“ eða „útgefandi“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í útgefandalýsingunni jafnframt um viðauka þennan eftir því sem við á. Við birtingu viðauka þessa myndar hann órjúfanlegan hluta útgefandalýsingarinnar. Viðauki þessi er til að gæta samræmis og uppfylla 7. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980.

- Í kafla 1.3.7. í útgefandalýsingu „*Dóms- og gerðardómsmál*“ sbr. bls. 6, er að finna upplýsingar um stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál er snúa að útgefanda. Efni kaflans skal haldast óbreytt en í seinustu setningu kaflans kemur fram „Yfirlýsing þessi miðast við dagsetningu útgefandalýsingar þessarar.“ Í stað tilvitnaðs texta skal koma ný setning svohljóðandi: „Yfirlýsing þessi miðast við dagsetningu viðauka við útgefandalýsingu þessa.“
- Í stað kafla 3.1.2. í útgefandalýsingu „*Stærstu hluthafar*“ sbr. bls. 10, kemur nýr kafli með sama nafni sem fellur út þann fyrri og er svohljóðandi:

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Hluttur
Brimgarðar ehf.	5911032610	Sundagörðum 10	11,0%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	4302694459	Kringlunni 7	8,9%
Almenni lífeyrissjóðurinn	4502902549	Borgartúni 25	8,0%
Gildi lífeyrissjóður	5611952779	Guðrúnartúni 1	7,9%
Arion banki hf.	5810080150	Borgartúni 19	6,5%
Lífsværk lífeyrissjóður	4302694299	Engjateigi 9	5,4%
Birta lífeyrissjóður	4302690389	Sundagörðum 2	5,1%
Stapi lífeyrissjóður	6010922559	Strandgötu 3 (3. hæð)	4,7%
Lífeyrissj. starfsm.rik. A-deil	5501973409	Engjateigi 11	4,4%
Festa - lífeyrissjóður	5711710239	Krossmóa 4a	3,5%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	6509091270	Kringlunni 5	3,4%
Brú Lífeyrissjóður starfs svei	4910982529	Sigtúni 42	2,9%
Global Macro Absolute Return A	4109109930	Erlent	2,6%
Landsbankinn hf.	4710080280	Austurstræti 11	2,3%
F.Bergsson Eignarhaldsfélag ehf.	4908042260	Laugarásvegi 27	2,3%
Íslandsbanki hf.	4910080160	Hagasmára 3	1,6%
Global Macro Portfolio	6805109460	Erlent	1,2%
IS Hlutabréfasjóðurinn	5404896299	Hagasmára 3	1,1%
Kvika banki	5405022930	Katrínartúni 2	1,1%
Landsbréf - Úrvalsbréf	6912080520	Borgartún 33	1,1%
		Samtals	85,0%

Tafla 1: 20 stærstu hluthafar Eikar m.v. upphaf dags 05.11.2020

Fjórir stærstu hluthafarnir fara með um 35,8% hlut í félaginu samanlagt. Enginn þessara fjögurra aðila teljast fjárhagslega tengdir í skilningi 16. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Félaginu er ekki kunnugt um að það sé undir beinum eða óbeinum yfirráðum eða stjórn einhvers eins aðila né annarra en þeirra sem getur í töflu 1. Þá er útgefanda heldur ekki kunnugt um að neitt fyrirkomulag sé fyrir hendi sem síðar gæti haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda. Bent er á að hlutabréf í útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland og að eignarhald hans getur því breyst hratt og án fyrirvara.

3. Í kafla 4.1 í útgefandalýsingu „**Fjárhags- og viðskiptastaða útgefanda**“ sbr. bls. 16, skal þriðja málsgrein standa óbreytt þar sem kemur fram „*Útgefandi lýsir því yfir að það hafi orðið verulegar og mikilvægar breytingar á fjárhags- og viðskiptastöðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils, 31. desember 2019, vegna óvissu um áhrif COVID-19 á íslenskt efnahagslíf. Afkomuspá fyrir árið 2020 var felld úr gildi 25. mars 2020.*“

Í síðustu málsgrein kaflans kemur fram „*Að öðru leyti en framan greinir hafa ekki orðið verulega óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá 31. mars 2020.*“ Í stað tilvitnaðs texta skal koma ný málsgrein svohljóðandi: „*Að öðru leyti en framan greinir hafa ekki orðið verulega óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum né á fjárhagslegri afkomu útgefanda frá 31. mars 2020.*“

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda:

Fyrir hönd útgefanda lýsa undirritaðir, forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eikar fasteignafélags hf., kt. 590902-3730, Sóltún 26, 105 Reykjavík, því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðauki þessi hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 6. nóvember 2020

F.h. Eikar fasteignafélags hf.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri

Lýður H. Gunnarsson, frkvstj. fjármálasviðs